

um breyting á lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja tvær verksmiðjur til viðbótar, aðra á Akranesi og hina á Austur- eða Norðurlandi.

2. gr.

Fyrir orðin „allt að 5 milljónum króna“ í 6. gr. laganna komi: allt að 8 milljónum króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á vegum Tunnuverksmiðja ríkisins hafa um allmörg undanfarin ár verið starfræktar tvær tunnuverksmiðjur, önnur á Siglufirði og hin á Akureyri. Hefur framleiðsla þeirra komið að góðum notum fyrir síldarsöltunina á Norður- og Austurlandi. Enn sem komið er hefur þó allmikið vantað á, að þörfinni hafi verið fullnægt.

Í gildandi lögum um Tunnuverksmiðjur ríkisins segir svo um verksvið fyrirækisins: „Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins.“ Auk þess er ráðgert, að tunnuverksmiðjurnar smíði tunnur fyrir saltkjötsframleiðsluna og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir.

Svo sem fyrr segir, hefur allmikið á skort, að tunnuverksmiðjurnar hafi fullnægt þörfinni. Framleiðsla þeirra hefur s. l. 5 ár verið sem næst 130 þús. tunnur til jafnaðar á ári. Það er því í alla staði eðlilegt, að tunnuframleiðslan sé aukin og fleiri verksmiðjur stofnsettar. Vegna hins mikla dreifingarkostnaðar innanlands verður að telja eðlilegt, að verksmiðjurnar séu staðsettar þar eða sem næst því, sem aðalframleiðslumagnnið er. Með það fyrir augum er lagt til, að tunnuverksmiðja fyrir Suðvesturland sé staðsett á Akranesi. Þar hafa um langan tíma verið hvað afkastamestar söltunarstöðvar, en auk þess er verstöðin þannig í sveit sett, að frá henni er nokkurn veginn jafnlangt með flutninga á tunnum til hinna ýmsu söltunarstöðva, hvort heldur er á Snæfellsnesi eða Reykjanesi.

Til þess að gera nokkra grein fyrir þörfinni á því að starfrækja tunnuverksmiðju á Suðurlandi skal hér greint frá, hver framleiðslan hefur verið s. l. 10 ár.

1950	eru framleiddar	131 708	tunnur	Faxasild
1951	—	65 214	—	—
1952	—	70 510	—	—
1953	—	56 257	—	—
1954	—	77 883	—	—
1955	—	89 406	—	—
1956	—	116 319	—	—
1957	—	50 282	—	—
1958	—	106 895	—	—
1959	—	52 065	—	—

Samtals 816 539 tonnur Faxasild

Með þeirri reynslu, sem þegar er fengin um framleiðslu saltsíldar á Suðvesturlandi, má telja fullvíst, að hér sé um árvissan atvinnuveg að ræða, sem þegar er orðinn allstór þáttur í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Það er því ekki að ófyrirsynju, að frumvarp er flutt, sem heimilar ríkisstjórninni að setja á stofn tunnuverksmiðju á Akranesi með það fyrir augum að sjá fyrir þörfum síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þá má á það benda, að mestur hluti af sykursöltuðum og grófsöltuðum brognum, sem framleidd eru hér á landi, er framleiddur á Suðvesturlandi. Er það allmikið magn, eða sem næst 30 þús. tonnur í meðalári.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem að framan greinir, er augljóst mál, að hér er um ærið verkefni að ræða fyrir eina tunnuverksmiðju til viðbótar þeim tveim, sem fyrir eru.